

Hefur ekki verið vefengt, að stefndi Bragi beri eigandaábyrgð á bifreiðinni Y 585.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, nemur heildartjón stefnanda kr. 672.681, og ber stefnda Braga og stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar Y 585, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, að greiða helming þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 336.340.50 óskipt. Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt vexti af þeirri fjárhæð, og ákveðast þeir með hliðsjón af kröfugerð stefnanda 16% ársvextir af kr. 304.840.50 frá 15. desember 1977 til 14. janúar 1978 og af kr. 336.340.50 frá þeim degi til 21. febrúar s. á. og með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt málskostnað, og ákveðst hann kr. 200.000, þar með talinn matskostnaður, kr. 45.700, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bragi Sigurjónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Óskari Sumarliðasyni, óskipt kr. 336.340.50 með 16% ársvöxtum af kr. 304.840.50 frá 15. desember 1977 til 14. janúar 1978 og af kr. 336.340.50 frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 159/1979. **Ræktunarsamband Mýramanna**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Skúli Pálsson hrl.).

Skattamál. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. ágúst s. á. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um hið umbeðna lögtak. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á umkröfðum gjöldum og að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að leyft verði lögtak í eignum áfrýjanda til tryggingar 70.164.70 krónum auk 2.5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júlí 1977 til 31. s. m. og 3% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Almennur lögtaksúrskurður var upp lveðinn 20. september 1977 og birtur á venjulegan hátt.

Fallast má á, að áfrýjandi hafi haft með höndum atvinnurekstur. Engin ákvæði 5. eða 6. gr. laga nr. 68/1971 leysa hann undan skattskyldu, eins og hér stendur á. Áfrýjandi taldi eigi fram til skatts, og eigi sinnti hann áskorunum skattayfirvalda um að gera grein fyrir atvinnurekstri sínum. Var því heimilt að áætla honum tekjur og eignir, og hann hefur engin rök að því leitt, að áætlanir þessar séu óhæfilegar eða byggðar á röngum sjónarmiðum.

Hér fyrir dómi hefur stefndi lækkað kröfu sína vegna ársins 1977 í 10.706.00 krónur, en það er tekjuskattur sá, sem á áfrýjanda var lagður þetta ár. Verður því heildarkrafa stefnda 70.164.70 krónur.

Samkvæmt framangreindu ber að taka kröfur stefnda til greina að öllu leyti, en dráttarvaxtakrafa hans hefur ekki sætt sérstökum andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hið umbeðna lögtak skal fram fara til tryggingar 70.164.70 krónum með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júlí 1977 til 31. júlí s. á. og 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Ræktunarsamband Mýramanna, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, 10.000.00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógataréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

24. apríl 1979.

Þetta mál var tekið til úrskurðar 4. þ. m., eftir að fram hafði farið munnlegur málflutningur fyrir fógataréttinum þann dag.

Með bréfi, dagsettu 16. október 1978 (dskj. 1), krafðist lögmaður gerðarbeiðanda, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, að lögtak yði gert í eignum gerðarþola, Ræktunarsambands Mýramanna, til tryggingar álögðum gjöldum árin 1974, 1975, 1976 og 1977, samtals að fjárhæð kr. 7.377.301, ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu gerðarþola, Ræktunarsambands Mýramanna, er þess krafist, að lögtaksgerðin nái ekki fram að ganga og gerðarbeiðandi verði dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 9. mars 1977 (dskj. 3), óskaði rannsóknadeild ríkisskattstjóra eftir því, að gerðarþoli sendi deildinni undirritaða ársreikninga vegna rekstraráranna 1973, 1974, 1975 og 1976.

Gerðarþoli varð ekki við þessum tilmælum. Hinn 26. maí 1977 var beiðni þessi ítrekuð og jafnframt óskað eftir skilum á skattframtölum fyrir árin 1974—1977. Var gerðarþola að öðrum kosti boðuð álagning opinberra gjalda samkvæmt áætlun fyrir gjaldárin 1974, 1975 og 1976 (dskj. 4).

Svar barst frá gerðarþola í bréfi, dags. 2. júní s. á., þess efnis, að skyldu til framlagningar umbeðinna gagna væri hafnað, þar eð ræktunarsambönd væru ekki skattskyld.

Með vísan til 42. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 16. gr. laga nr. 7/1972, ákvarðaði ríkisskattstjóri gerðarþola eftirtalin gjöld með úrskurði, dags. 22. júní 1977 (dskj. 6):

1) tekjuskattur, gjaldár 1974	kr.	802.950
2) eignarskattur, gjaldár 1974	—	67.872
3) tekjuskattur, gjaldár 1975	—	1.338.250
4) eignarskattur, gjaldár 1975	—	91.910
5) tekjuskattur, gjaldár 1976	—	3.479.450
6) eignarskattur, gjaldár 1976	—	165.438

Samtals kr. 5.945.870

Gerðarþoli vildi eigi una þessum álögum og kærði þær til ríkisskattstjóra, er staðfesti þær með hinum kærða úrskurði (dskj. 8).

Gerðarþoli kærði þá úrskurðinn til ríkisskattanefndar. Með úrskurði, dags. 17. febrúar 1978 (dskj. 17), tekur nefndin efnislega afstöðu til skattskyldu gerðarþola og staðfestir hana. Málinu var hins vegar tölulega vísað frá vegna vanreifunar.

Þar eð gerðarþoli hafði neitað að láta skattayfirvöldum í té skattframtal fyrir árið 1977, voru gjöld þess árs einnig á lögð samkvæmt áætlun. Ákvarðaði skattstjóri Vesturlands gerðarþola samtals kr. 1.431.431 í tekjuskatt og eignarskatt.

Gerðarþoli kærði álagninguna til skattstjóra, en kærinni var vísað frá sem of seint fram kominni. Frávísunarúrskurðurinn var síðan staðfestur af ríkisskattanefnd (dskj. 18).

Verður nú greint frá helstu málsástæðum og lagarökum aðilja:

Umboðsmaður gerðarþola heldur því fram, að fráleitt sé að telja skjólstæðing sinn sjálfstæðan skattaðilja skv. lögum nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt. Gerðarþoli sé eins og önnur ræktunarsambönd og búnaðarfélög frjálst hagsmunafélag með félagslegu markmiði og hafi ekki með höndum neinn atvinnurekstur samkvæmt samþykktum sínum í skilningi skattalaga. Gerðarþoli kveðst annast tilteknar framkvæmdir fyrir bændur, sem mynda félagssamtök hans. Fyrir þessar framkvæmdir greiði bændur gagngjald, sem ákveðið sé á þann hátt, að það nægi fyrir öllum ræktunarkostnaði, sbr. t. d. 4. tl. 1. mgr. 4. gr., 14. gr. og

26. gr. laga nr. 7/1945 um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Gerðarþoli hafi því engar tekjur og reki ekki atvinnu í skilningi skattaréttar, þegar hann starfi fyrir eigendur sína.

Ætla megi, að gerðarþoli sé í sérstakri sameign bændanna eða sé félag þeirra með ótakmarkaðri ábyrgð. Þar eð hann uppfylli á engan hátt þau skilyrði, sem sett séu í C lið 5. gr. laga nr. 68/1971, þá sé hann ekki sjálfstæður skattaðili. Sé hann því ekki heldur skattskyldur vegna starfa sinna í þágu utanfélagsmanna.

Umboðsmaður gerðarþola bendir einnig á, að verði ofangreindar aðstæður ekki teknar til greina, verði að telja gerðarþola óskattskyldan á grundvelli 6. gr. laga nr. 68/1971 og einnig samkvæmt þeirri grundvallarreglu, er lesa megi úr 5. gr. sömu laga, að undanþegin skattskyldu séu félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla.

Gerðarþoli reki ekki atvinnu samkvæmt meginmarkmiði sínu og að því marki sem hann reki atvinnu verji hann hagnaði sínum til almenningsheilla og hafi það einasta að markmiði sínu samkvæmt samþykktum sínum, sbr. lög nr. 7/1945.

Störf gerðarþola í þágu félagsmanna sinna séu innan þeirra marka, sem honum séu sett í lögum og samþykktum, og sé starfsemin því ekki í atvinnuskyni og alls ekki í hagnaðarskyni gerð, sbr. 6. gr. laga nr. 68/1971.

Varðandi störf gerðarþola í þágu utanfélagsmanna verði að álíta hagnaðinn af þeim varið til almenningsheilla og það sé meginmarkmið hans samkvæmt samþykktum hans.

Umboðsmaður gerðarþola vill og benda á, að frá gildistöku laga nr. 6/1935 um tekju- og eignarskatt hafi það verið almennur skilningur skattayfirvalda og forráðamanna búnaðar- og ræktunarsambanda, að ræktunarsambönd séu undanþegin skatti, enda þótt undanþáguákvæði skattalaga og reglugerða, er hér eiga við, hafi á þessum tíma efnislega ekkert verið breytt.

Í 8. gr. og 55. gr. reglugerðar nr. 147/1955 og 6. gr. reglugerðar nr. 245/1963 hafi verið sett ákvæði þess efnis, að búnaðarsambönd væru undanþegin tekju- og eignarskatti, og hafi ákvæði þessi almennt verið skilin á þann veg, að þau giltu einnig um ræktunarsambönd.

Með hliðsjón af því, að ræktunarsamböndin hafi ekki verið skattlögð þar til nú hin síðustu ár, verði að telja svo fasta venju hafa skapast um beitingu þessara undanþáguákvæða skattalaga, að setja þurfi skýr og óafturvirk lög, til að þeirri venju verði breytt.

Loks heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að synja beri um framgang gerðarinnar af formlegum ástæðum. Ríkisskattstjóra hafi verið óheimilt að beita þeim úrræðum, sem um getur í 36. gr. laga nr. 68/1971, enda þótt gerðarþoli hafi neitað að láta skattayfirvöldum í té umbeðin gögn. Við þær aðstæður hafi honum borið að beita þeim úrræðum, er getur í 50. gr. sömu laga. Alla vegana sé ljóst, að gjaldstofnar hafi verið áætlaðir mjög úr hófi. Einnig vill umboðsmaður gerðarþola vekja athygli á úrskurðarorðum kæruúrskurðar ríkisskattstjóra, dags. 10. ágúst sl. (dskj. 8), en þar hafi einungis tekjuskatts verið getið, en ekki minnst á eignarskatt.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt sjónarmiði og kröfum gerðarþola og rakið efni málsins frá sjónarmiði umbjóðanda síns. Hefur hann bent á, að gerðarþoli sé ótvírætt skattskyldur skv. E lið 5. gr. laga nr. 68/1971, enda séu ræktunarsamböndin ekki undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum. Ljóst sé, að gerðarþoli hafi með höndum atvinnurekstur, því megintilgangur hans sé að reka atvinnu. Jafnvel þótt talið yrði, að starfsemi gerðarþola í þágu félagsmanna sinna væri ekki atvinnurekstur, þá hljóti starfsemi hans í þágu utanaðkomandi aðilja, svo sem Vega-gerðar ríkisins og Kaupfélags Borgfirðinga, að teljast atvinnurekstur í skilningi 6. gr. laga nr. 68/1971. Þar eð gerðarþoli stundi atvinnurekstur og sé eigi undanþeginn skattlagningu með sérstökum lögum, þá sé hann skattskyldur skv. 5. gr. skattalaganna. Gerðarbeiðandi mótmælir eindregið þeirri fullyrðingu, að gerðarþoli sé frjáls, vegna þess að hagnaður af starfsemi hans gangi til almannaheilla.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda bendir loks á, að fullkomlega löglega hafi verið að álagningu skattsins staðið. Ríkisskattstjóri hafi haft ótvíræða heimild til að áætla gerðarþola gjöld skv. 37. gr. laga nr. 68/1971, þar eð hann hafi eigi sinnt beiðni um, að skattframtali og gögnum yrði skilað.

Gerðarþoli, sem í reynd er samband nokkurra búnaðarfélaga, starfar samkvæmt lögum nr. 7/1945 um jarðræktar- og húsa-gerðarsamþykktir í sveitum, sbr. einnig reglugerð nr. 36/1946 um jarðræktarsamþykktir.

Starfsemi gerðarþola er einkum í því fólgin að sjá um jarðræktar- og jarðvinnsluframkvæmdir fyrir félagsmenn sína, en samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1945 er megintilgangur ræktunarsambanda að greiða fyrir eflingu jarðræktarinnar og koma því

til leiðar, að öll heyöflun bænda fari fram á véltæku landi (dskj. 23).

Enda þótt fyrrnefnd þjónusta við félagsmenn eigi að vera meginþátturinn í starfsemi gerðarþola og annarra ræktunarsambanda, er þó gert ráð fyrir því í 36. gr. reglugerðar nr. 36/1946, að ræktunarsambönd geti að vissu marki tekið að sér verkefni fyrir aðra en félagsmenn gegn gjaldi.

Undir rekstri málsins hefur komið fram og er reyndar ómót-mælt, að gerðarþoli hefur haft með höndum umfangsmikla starfsemi og framkvæmdir í þágu utanfélagsmanna. Hefur gerðarþoli stundað umfangsmikla útleigu á jarðýtum og öðrum tækjaútbúnaði og tekið að sér framkvæmdir í annarra þágu en félagsmanna með slíkum tækjum og vinnuvélum. Hafa slík viðskipti beinst einkum til Vegagerðar ríkisins, Kaupfélags Borgfirðinga og fleiri aðilja.

Við ákvörðun á skattskyldu gerðarþola þykir verða við það að miða, að jarðræktarframkvæmdir og sú starfsemi önnur, er gerðarþoli rekur samkvæmt megintilgangi sínum, sé þjónustustarfsemi við bændur og búnaðarfélag og geti ekki talist atvinnurekstur í venjulegri merkingu þess orðs.

Um aðra starfsemi gerðarþola gegnir öðru máli. Þykir verða að ætla þá starfsemi svo umfangsmikla, að hún hljóti að teljast atvinnurekstur í skilningi 6. mgr. (sic) laga nr. 68/1971. Fellur starfsemi þessi því ekki undir undanþágu þá frá tekju- og eignar-skatti, sem getur í fyrrgreindri lagagrein.

Gerðarþola eða starfsemi hans er eigi heldur veitt skattfrelsi með sérlögum. Verður því að telja gerðarþola skattskyldan á grundvelli E liðs 5. gr. laga nr. 68/1971.

Umboðsmaður gerðarþola hefur að vísu haldið því fram, að starfsemi gerðarþola verði eigi skattlögð, því hagnaðurinn af starfseminni renni beint til reksturs sambandsins og sé honum einungis varið til almenningsheilla. Á það sjónarmið gerðarþola fær rétturinn þó ekki fallist. Hagur af starfsemi gerðarþola er fyrst og fremst bundinn við félagsmenn sambandsins (gerðarþola), þ. e. bændur og búnaðarfélag, og þar með ákveðna atvinnugrein, landbúnað. Þótt allur almennigur geti að vísu haft nokkurn hag af fyrrgreindri starfsemi, er sá hagur vart svo mikill, að til skattfrelsis eigi að leiða, sbr. 5. gr. laga nr. 68/1971.

Þau rök, sem gerðarþoli færir fyrir réttmæti slíks skattfrelsis, eru það almenns eðlis, að sambærilegum rökum mætti halda fram um skattfrelsi ýmissa annarra þátta íslensks atvinnulífs,

að eigi fær samrýmst meginstefnu íslensks skattaréttar og laga-
túlkun hans. Þegar málefni þetta er rakið til rótar, sést, að í
öllum aðalatriðum bera atvinnuvegirnir að lokum öll opinber
gjöld.

Rétturinn fellst á þá skoðun gerðarbeiðanda, að löglega hafi
verið að álagningu skattsins staðið. Samkvæmt 37. gr. laga nr.
68/1971 bar gerðarpóla að skila skattframtali til skattayfirvalda.
Skattfrelsi gerðarpóla var skilyrðisbundið samkvæmt ákvæðum
skattalaganna, og var því nauðsynlegt, að skattayfirvöld ættu
þess kost að fylgjast með því, hvort þeim skilyrðum væri full-
nægt. Skattayfirvöldum var því heimilt skv. 37. gr. fyrrnefndra
laga að áætla gerðarpóla tekjur og eignir og skatt fyrir árin 1974
—1977 skv. 5 .gr. sömu laga, og hafa eigi verið leidd nein rök
að því af hálfu gerðarpóla, að á tekjuáætlun þessari séu þeir ann-
markar, er ógildingur varði.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinn-
ar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðar-
beiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 71/1981. Valdstjórnin
gegn
Ragnari Ingimundi Ágústssyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.